

Nokkrar leiðir og valkostir til að bæta afkomu og aðbúnað ellilífeyrisþega

AFKOMA:

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir:

- að augin sanngirni í samspili skatta, tryggingabóta og greiðslna úr lífeyrissjóðum og atvinnutekna einstaklinga verði skoðuð til að hvetja til tekjuöflunar og sparnaðar
- að dregið verði úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu
- að stefnt verði að hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna aldurshópsins 67-70 ára
- að tekjutenging launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga verði að fullu afnumin svo og skerðing tryggingabóta vegna tekna maka
- að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25 þúsund á mánuði frá lífeyrissjóði
- að almennt skerðingarhlutfall í almannatryggingakerfinu lækki í 35%

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að stefnt skuli að því að ríkissjóður tryggi ellilíf-eyris-þegum lífeyri að lágmarki 25 þúsund á mánuði frá lífeyrissjóði. Sú tillaga nær til um 1/3 (10.520 í apríl 2007) lífeyrisþega, þ.e. þeirra sem allra verst eru settir fjárhagslega og kostar ríkissjóð rúml. 1,2 milljarða króna brúttó.

Í stefnuyfirlýsingu Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar frá 23.05.2007 segir m.a.: “Skoðað verði hvort undanskilja megi hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingum í almannatryggingakerfinu”.

SES OG 60+ LEGGJA EFTIRFARANDI TIL:

1. að frítekjumörk fyrir lífeyrissjóðstekjur verði 25 þús.kr. á mánuði (300 þús.kr. á ári) og auknar ráðstöfunartekjur lífeyrisþegans vegna 25 þúsund króna greiðslu frá lífeyrissjóði verði því kr. 16.070,- eftir greiðslu 35,72% staðgreiðslu af 25 þús.kr. lífeyrissjóðsgreiðslunni í stað aðeins kr. 8.552,-.

Skv. uppl. TR um 25 þús.kr. frítekjumörk fyrir lífeyrissjóðstekjur mundi tillagan kosta ríkissjóð 2.616 millj.kr. vegna ellilífeyrisþega og 1.800 millj. kr. vegna örorkulífeyrisþega eða samt. 4.416 millj.kr.

(Kostnaður við að taka upp 600 þús.kr. frítekjumark gagnvart eigin tekjum úr lífeyrissjóði væri samt. 6.124 þús.kr.)

2. að skerðingarmörk tryggingabóta lækki úr 39,95% í 30% um næstu áramót í stað 35% eins og lofað hefur verið.

Skv. uppl. TR kostar það ríkissjóð 2.149 millj.kr. v/ellilífeyrisþega og 920 millj.kr. v/örorkulífeyrisþega, samtals 3.069 millj.kr.

Að öllu óbreyttu munar það 1.871 millj.kr. að lækka skerðingarhlutfallið í 35% í stað 30%. Þar af eru 1.304 millj.kr. vegna ellilífeyrisþega og 567 millj.kr. vegna örorkulífeyrisþega (uppl. frá TR 28/9'07)

3. að 2/3 hlutar eftirlauna verði skattlögð á sama hátt og fjármagnstekjur, þ.e. 10%. (ath. hjá TR hvað þetta kostar)

Rökstuðningur:

Um það bil 2/3 hluti greiðslna í lífeyrissjóð eru tilorðnar með nákvæmlega sama hætti og fjármagnsmyndun í öðrum sparnaðarformum, sem skattlögð eru samkvæmt lögum um fjármagnstekjur. Samkvæmt því virðist eðlilegt að 2/3 hlutar eftirlauna umfram skattleysismörk njóti sömu skattalegrar meðferðar og fjármagnstekjur, þ.e. 10% skattlagningar.

Skv. uppl. ríkissk.stj. í okt. 2007 yrðu skatttekjur 6,8 milljörðum kr. lægri

4. að skattleysismörk verði hækkuð í kr. 125.000,- á mánuði:

Rökstuðningur:

Lægsti launataxti í þjóðfélaginu er 125 þús.kr. og einstaklingur sem eingöngu hefur tekjur frá TR fær 126.537 kr. á mánuði. Eðlilegt væri að miða skattleysismörk við þær fjárhæðir. Bent skal á að hefðu skattleysismörk breyst í samræmi við launavísitölu frá 1988 væru þau rúml. 142 þús.kr. í dag.

Kostnaður ríkissjóðs v/hækkunar skattleysismarka úr 79 þús.kr. í 90 þús.kr. 1. jan 2007 er áætlaður kr. 6,1 milljarðar skv. uppl.

Fjármálaráðherra. Skv. uppl. ríkisskattstjóra í okt. 2007 mundi hækkun skattleysismarka í

kr. 125.000,- á mánuði kosta ríkissjóð 28 milljarða króna.

Stjórnir 60 + og SES fagna þeim árangri sem náðst hefur með samþykkt breytinga á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldra, sem öðluðust gildi 1. júlí 2007, þar sem

atvinnutekjur 70 ára og eldri skerða ekki greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

5. að miðað verði við 67 ára aldursmörk við útreikning tryggingabóta hjá TR, þannig að 67 ára og eldri haldi óskertum tryggingabótum, þrátt fyrir atvinnutekjur.

Rökstuðningur:

Þetta mundi hvetja 67 ára og eldri til tekjuöflunar og sýnir niðurstaða rannsóknar, sem framkvæmd var af Rannsóknarsetri verslunarinnar í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, að ríkissjóður myndi fremur hagnast en tapa á því ef aldurshópurinn 67 til 69 ára fengi að halda óskertum tryggingabótum, þó aflað væri tekna af einstaklingum í þeim aldurshópi. Vafasamt er að hægt verði að afla ítarlegri upplýsinga um kostnað/tekjur ríkissjóðs en liggja fyrir eftir ofangreinda rannsókn. Rannsóknin gerir ráð fyrir að ríkissjóður myndi **hagnast** um allt að 4 milljarða króna vegna ofangreindra aðgerða.

6. að hjón/sambýlisfólk njóti fullra lífeyrisgreiðslna almannatrygginga án tillits til tekna maka og verði lög þar um samþykkt fyrir árslok 2007.

Skv. uppl. TR mun kostnaður við þær breytingar verða um 1.023 millj.kr. á ári. Þar af eru 627 millj.kr. vegna ellilífeyrisþega og 396 millj.kr. vegna örorkulífeyrisþega.

ÆDBÚNAÐUR

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir:

- að hraða skuli uppbyggingu 400 hjúkrunarrýma og einbýlum fjölgað
- að sólarhringsþjónusta verði efld og einstaklingsmiðuð þjónusta aukin
- að stefnt verði að því að færa ábyrgð á lögbundinni þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga

SES OG 60+ LEGGJA EFTIRFARANDI TIL:

1. að heimþjónusta við aldraða verði efld verulega frá því sem nú er, með það að markmiði að aldraðir geti dvalið sem lengst á eigin vegum utan stofnana

Rökstuðningur:

Kostnaður við rekstur hvers hjúkrunarrýmis á hjúkrunarheimili nemur um 6,5 millj.kr. á ári. Það liggur í augum uppi að mun ódýrara er fyrir ríkissjóð að kosta góða einstaklingsbunda hjúkrunarþjónustu í heimahúsi.

Slík þjónusta er nærþjónusta og nauðsynlegt að samþætta heimahjúkrun og heimaþjónustu sem yrði á vegum sveitarfélaga eða hjúkrunarheimila, sem beri ábyrgð, hafi yfirsýn og stýri uppbyggingu þjónustunnar. Kostnaður við heimahjúkrun og heimaþjónustu eins og hún er í dag er áætluð um 1 til 1,5 millj. kr. á ári.

2. að þjónusta bjóðist allan sólarhringinn þeim sem kjósa að dvelja heima og eru metnir “í brýnni þörf” fyrir hjúkrunarheimilisvist. Þjónusta verði m.a. veitt af þjónustuteymi sem er “á hjólum”, þ.e. fjarskipta-tengdri bifreið, sem fer um svæði þar sem þjónustunnar er þörf, og væri hún tengd við sjúkrahús- eða hjúkrunarstofnun og undir yfirstjórn stofnunarinnar á viðkomandi svæði

Rökstuðningur:

Aðgengi að hjúkrun allan sólarhringinn er brýn fyrir þá sem búið er að meta sem hjúkrunarsjúklinga. Kostnaður er um 2 til 2,3 millj.kr. á ári og því um þrisvar sinnum ódýrari en hjúkrunarheimilisvist. Öldruðum væri þar með boðið upp á að velja á milli hjúkrunarheimilisvistar eða sólarhringsþjónustu í heimahúsi. Þessi þjónusta mundi veita öldruðum í brýnni þörf öryggi meðan beðið er eftir hjúkrunarrými og mundu vafalaust einhverjir kjósa að vera lengur heima ef þeir ættu kost á öruggri alhliða þjónustu. Lausnin er þannig löguð að einstaklingnum en ekki einstaklingurinn að lausninni, jafnframt því að um er að ræða mikinn sparnað fyrir ríkissjóð.

3. að fjölgað verði þjónustuíbúðum og öryggisíbúðum

Sú þjónusta er á vegum sveitarfélaga og/eða einkaaðila og tekur ríkissjóður engan þátt í uppbyggingu eða rekstrarkostnaði slíkra heimila.

4. að fjölgað verði dagvistunarrýmum fyrir aldraða og tímabundnum hvíldarinnlögnum á hjúkrunarheimilum

Rökstuðningur:

Þannig mætti léttu undir með aðstandendum og seinka innlögnum á hjúkrunarheimili, jafnframt því að rjúfa félagslega einangrun hins aldraða. Allar lausnir sem stytta þann tíma sem hinn aldraði þarf að dvelja í hjúkrunarrými á stofnun er sparnaður fyrir ríkissjóð.

5. að umönnunarstörf í þágu aldraðra verði virt og metin að verðleikum með mannsæmandi launakjörum

Rökstuðningur:

Mjög erfitt er að manna umönnunarstörf við aldraða. Stór þáttur í þeim erfiðleikum eru lág launakjör.

6. að byggingu hjúkrunarheimila verði flýtt og Framkvæmdasjóður aldraðra strax nýttur að fullu til þeirra byggingaframkvæmda

Rökstuðningur:

Tafarlausrar úrlausnar er þörf. Rekstrarkostnaður LSH á hvern legudag vegna sjúkra aldraðra er um tvisvar til fimm sinnum hærri en rekstrarkostnaður á hjúkrunarheimilum. Um 100 aldraðir sem þurfa umönnun við dvelja nú á sjúkrahúsum og mundu há framlög til þeirra duga til reksturs á um 300 hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum. Rekstrarkostnaður úr ríkissjóði mundi ekki aukast þó byggð verði strax ný hjúkrunarheimili með 300 hjúkrunarrýmum, heldur yrði aðeins um tilfærslu á rekstrarframlagi að ræða, sem mundi jafnframt leiða til betri umönnunar og þjónustu við sjúka aldraða síðustu æviárin.

Um 400 aldraðir bíða nú eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu og mætti eyða biðlistanum með þeim tillögum sem hér hafa verið settar fram.

7. að opnað verði á sjálfsfjármögnun eldri borgara við byggingu hjúkrunarheimila

Rökstuðningur:

Rúmlega 90% hjóna 67 ára og eldri og 75% einstaklinga á sama aldri búa í eigin húsnæði skuldlausu eða skuldlitlu. Sjálfsfjármögnun mundi auka möguleika fólks til sjálfsákvörðunar í vali á milli dvalar á hjúkrunarheimili eða á heimili sínu.

8. að forystumenn ríkisstjórnarinnar, sem fara með málefni aldraðra, kynni sér útfærslu á hugmyndum um “Nýja sýn”, varðandi sjálfsfjármögnun eldri borgara á hjúkrunarrýmum, sem mun leiða til bættrar þjónustu við aldraða sjúka

Rökstuðningur:

Ríkið stofni sjóð, **öldrunarsjóð**, sem hefur það m.a. að aðaltilgangi að tryggja nægilegt framboð af stofnanarými og fjármagna stórukna heimahjúkrun aldraðra.

Talið hefur verið að eitt hjúkrunarrými, sem stendur þá staðla, sem settir eru slíku rými, kosti um 12 millj.kr. Í dag kemur það til með að kosta meira miðað við þær kröfur sem ráðuneytið hefur nýlega sett fram um **stærðir**, sennilega nær 17 millj.kr. hvert hjúkrunarrými.

Þegar sá aldraði greiðir fyrir rými sitt getur hann eða erfingjar hans fengið bankaábyrgð fyrir endurgreiðslu andvirðisins verðtryggt eftir þeim reglum sem almennt gilda á hverjum tíma eða settar verða í löggjöf.

Eignir aldraðra eru þannig virkjaðar til að bæta aðbúnað þeirra og aðstæður eftir því sem möguleikar þeirra til sjálfstæðrar búsetu skerðast.

9. að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið geri skriflegan þjónustusamning við allar öldrunarstofnanir, þar sem settar verði fram lágmarkskröfur um magn og gæði þeirrar þjónustu ásamt aðbúnaði íbúa, sem það er tilbúið að greiða fyrir með þeim daggjöldum sem ráðuneytið og viðkomandi stofnun semja um. Áriðandi er að sjálfseignarstofnanir sem veita heilbrigðisþjónustu fá greitt sanngjarnt verð fyrir það húsnæði sem þær leggja til. Sá kostnaður sem tengist aðhlyningu hins aldraðra og sjúka verði áfram greiddur í formi daggjalda

Rökstuðningur:

Nauðsynlegt er að samskipti heilbrigðisráðuneytisins og öldrunarstofnana komist í fastara form. Einnig þarf að skilgreina ferli mála sem kunna að koma upp á samningstímanum og ekki er tekið á í samningi. Það getur vart talist góð opinber stjórnsýsla að veita milljörðum af opinberu fé til fyrirtækja án þess að skriflegir samningar séu til þar um.